

Bæjarráð - FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 27. nóvember 2017 haldinn í Bolungarvík

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 27. nóvember 2017 haldinn í Bolungarvík
Málsnúmer : 2017020078
Málsaðili : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Skráð dags : 30.10.2017 17:29:07
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Breyting á reglugerð 460_2015.pdf](#)[Breyting á reglugerð 460_2015.pdf](#)
[Sundlaugar á svæði heilbrigðisnefndar vestfjarða.pdf](#)[Sundlaugar á svæði heilbrigðisnefndar vestfjarða.pdf](#)
[fundargerð_114_fundar_27_október_2017.pdf](#)
[fundargerð_114_fundar_27_október_2017.pdf](#)

From: Anton Helgason [mailto:anton@hevf.is]

Sent: 30. október 2017 13:37

To: Gísli Halldór Halldórsson ; petur@sudavik.is; Jón Páll Hreinsson ; talknafjordur@talknafjordur.is; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir ; Kaldrananeshreppur ; vesturbyggd@vesturbyggd.is; Strandabyggd@strandabyggd.is; arneshreppur@arneshreppur.is; fv@vestfiridir.is

Cc: Eftirlit

Subject: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 27. nóvember 2017 haldinn í Bolungarvík

Sæl öll

Meðfylgjandi er fundargerð Heilbrigðisnefndar þann 27. nóvember 2017. Næsti fundur er áætlaður þann 8. desember um viðbrögð við fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 var lögð fram og samþykkt. Tilhögun á skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga er bundinn í lögum nr. 7/1998. Greiðslur vegna heilbrigðiseftirlits eru tvennskonar. Annarsvegar gjald vegna heimsókna í fyrirtæki og hinsvegar gjald vegna íbúa sem greitt er eftir höfðatölu. Allar tekjur vegna eftirlitsgjalda renna í sameiginlegan sjóð. Það sem uppá vantar er greitt eftir höfðatölu. Sveitarfélögin hafa gjaldtökuheimildina og innheimta eftirlitsgjöld af fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Því þurfa sveitarfélögin að standa skil á bæði gjöldum vegna fyrirtækja (fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga) sem fengið hafa eftirlit og eins hlut sveitarfélags vegna íbúa. Ný gjaldskrá fyrir heilbrigðis og mengunareftirlit var birt 25. apríl 2017 nr 366/2017. Lagt var til að ný gjaldskrá verði unnin í samræmi við þær kostnaðarhækkningar sem orðið hafa.

Sveitarfélög þurfa að samþykkja fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2018. Óskað er eftir að athugasemdir sveitarfélaga berist eftirlitinu **fyrir 8. desember** næstkomandi.

Undirritaður svarar sem fyrr fyrirspurnum eða óskum um skýringar.

Á fundinum voru kynntar niðurstöður sýnatöku úr sundlaugum og heitum pottum á starfssvæðinu. Við deilum laugum í tvo flokka þær sem standast yfirleitt kröfur og þær sem standast sjaldnast kröfur. Þær laugar eru með starfsleyfi sem sundlaugar í C flokki eða án starfsleyfa. Við breytingu á reglugerð um laugar í náttúru Íslands kemur inn nýr flokkur afþreyingarlaugar og opnað er á takmarkaða notkun á sótthreinsiefnum. Sundlaugar sem ekki eru að standast kröfur eru allt laugar sem nota jarðhita beint eða eftir kælingu. Sumar þessara lauga gætu sótt um starfsleyfi sem baðstaður í náttúru, og þá hugsanlegt að halda niðri gróðri með svipaðri klórblöndun og verið hefur. Aðrar sundlaugar þurfa að skoða möguleika á varmaskiptum og sjálvvirkri klórblöndun.

Með kveðju

Anton Helgason
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Eftirlit@hevf.is, Anton@hevf.is